

Reykjavíkurborg
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 25. marz 2022

Efni: Umsögn um drög að atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til beiðni formanns borgarráðs um þátttöku félagsins í samráði við mótun atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar, dags. 4. febrúar sl., og þakkar tækifærið til að koma afstöðu sinni á framfæri.

Almennt

FA fagnar þeirri vinnu sem unnin hefur verið við mótun stefnunnar. Fulltrúar skrifstofu félagsins og nokkurra félagsmanna tóku þátt í samráðsfundi með borginni í júní 2019 og komu þar á framfæri ýmsum sjónarmiðum og ábendingum varðandi stefnu borgarinnar og viðmót borgarkerfisins. Líklega hefur sá fundur ásamt fleiri sambærilegum fundum með hagsmunasamtökum fyrirtækja átt þátt í að höfundar stefnudraganna draga þá ályktun að tortryggni og vantraust ríki á milli atvinnulífs og borgaryfirvalda. Það er ekki ofsagt. Á þessum fundi var sömuleiðis farið yfir upplifun fyrirtækja af þjónustu og viðmóti borgarinnar. Það hefur augljóslega komið til skila að atvinnulífið telur að þjónusta borgarinnar sé flókin og ógegnisæ. Tækifærin til umbóta eru því mörg.

FA fagnar því sem fram kemur í stefnudrögunum að borgin eigi að vera „spennandi staður til þess að setja á fót og reka fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum“. Sömuleiðis er jákvætt að borgin vilji skapa umhverfi sem „einkennist af trausti, jákvæðni og vilja til samstarfs og þjónustu.“

FA telur ástæðu til að minna á að atvinnu- og nýsköpunarstefna þarf ekki endilega að snúast um aðgerðir og inngrip af hálfu borgaryfirvalda, heldur er enn mikilvægara að þau setji sér þá stefnu að þvælast sem minnst fyrir nýsköpun, einstaklingsframtaki og fyrirtækjarekstri með regluverki, skriffinnsku og skattheimtu.

Eftirfarandi eru athugasemdir og ábendingar FA um einstök atriði stefnudraganna.

1.1. Aukið samtal og upplýsingamiðlun milli Reykjavíkurborgar, atvinnulífs og nýsköpunar

Að mati FA hefur vantað verulega upp á samtal og upplýsingamiðlun af því tagi sem lýst er í stefnudrögunum að sé æskilegt. Félagið vill þó leyfa sér að benda á fyrirmyndir sem nota mætti sem fordæmi og reynslu til að byggja á. Þannig hafði FA frumkvæði að því í marz 2018 að komið yrði á reglulegu samráði borgarinnar og ýmissa hagsmunaaðila um vörudreifingu í miðborginni. Þessari umleitan var vel tekið og það samráð og samtal, sem síðan hefur komið á, hefur að mati félagsins skilað áþreifanlegum árangri, m.a. með merkingu sérstakra vörulosunarstæða, en ekki síður með greiðari upplýsingamiðlun og samráði. Samstarfið hefur skilað vaxandi gagnkvæmum skilningi borgaryfirvalda og -stofnana, löggæzlufirvalda og atvinnulífs á þeim áskorunum sem við er að glíma í vörudreifingu í miðborginni.

2. Gott umhverfi atvinnulífs og nýsköpunar

Að mati FA vantar alveg umfjöllun um skattaumhverfi í þennan kafla stefnunnar. Ljóst er að Reykjavíkurborg stendur höllum fæti í samkeppni við nágrannasveitarfélögin vegna hæstu fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Á fleiri fyrirtæki hugsa sér til hreyfings eða ákveða að hefja starfsemi í nágrannasveitarfélögunum vegna þessarar stefnu borgarinnar. Það hlýtur að eiga að vera forgangsáherzla borgarinnar að bjóða fyrirtækjum upp á samkeppnishæft skattaumhverfi. Svo vísað sé til þess sem sagði hér

að framan, ætti borgin að setja sér það markmið að þvælast sem minnst fyrir atvinnurekstri með háum sköttum.

2.2. Betri þjónusta Reykjavíkurborgar

FA fagnar þeirri kjarnaáherzlu að þjónusta Reykjavíkurborgar, þ.m.t. við atvinnulífið, eigi að vera „auðskilin, skilvirk, stafræn og fyrirsjáanleg“. Félagið hefur ítrekað bent borgaryfirvöldum á að upp á þetta vanti stórlega.

FA hefur þannig bent á áþreifanleg dæmi frá félagsmönnum um óheyrulega skrifinnsku og flækjur borgarstofnana og -starfsmanna í kringum verkefni sem ættu að vera mjög einföld. Í einu tilviki tók það fyrirtæki heilt ár að fá endurnýjun starfsleyfis, m.a. fyrir seinagang, mistök og klaufaskap borgarstofnana. Í öðru tilfelli tók sjö mánuði og ómælda vinnu að fá leyfi til að færa til þvottavél í atvinnuhúsnæði, þar með talinn hundraða kílómetra akstur til að fá uppáskriftir fimm iðnmeistara á teikningar.

Tækifærin í stafrænni þjónustu eru gífurleg, þ.m.t. með rafrænum eyðublöðum, undirskriftum og samþykktum.

2.3. Traustir og skilvirkir innviðir

Forgangsáherzlan „innviðir í Reykjavík eiga að vera vandaðir og í takt við þarfir samfélagsins“ hljómar vissulega vel. Margir af félagsmönnum FA eru mjög háðir greiðum vöruflutningum innan borgarinnar. Því miður upplifa líka margir það þannig að stefna og framtíðarsýn borgarinnar varðandi t.d. að þrengja að almennri umferð til að greiða fyrir umferð gangandi, hjólandi og almenningssamgangna, taki ekki mið af þeirra þörfum. Vöruflutningar fara hvorki fram með strætó né reiðhjólum. Umferðarleiðir þurfa að vera greiðar, t.d. með samstillingu umferðarljósa og með því að afköst umferðarmannvirkja séu viðunandi. FA telur að gjarnan mætti útvíkka áðurnefnt samráð um vörudreifingu í miðborginni til vörudreifingar í borginni almennt þannig að borgaryfirvöld myndu hlusta betur eftir þörfum atvinnulífsins varðandi innviði og umferð.

Að lokum

FA er að sjálfsögðu ævinlega reiðubúið til frekara samráðs og fundahalda með borgaryfirvöldum um hagsmuni fyrirtækjanna í borginni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA